

**REGLUGERÐ**

4

11. marz

um breyting á reglugerð nr. 87 29. ágúst 1958, um viðauka við reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 1. gr.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi ný grein svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvöru eða flotvörpu, skal heimilt, auk þess sem segir í 1. gr., að veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. reglugerð frá 11. marz 1961, á sömu stöðum og sömu tímum sem brezk skip mega stunda veiðar samkvæmt samkomulagi íslenzku og brezku ríkisstjórnanna frá 11. marz 1961.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. ákvæði 3. gr. reglugerðar frá 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1961.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*